

Markaðspunktur í dag:

- Verðlag hækkaði um 0,3% í janúar


Verðlag hækkaði um 0,3% í janúar

Hækkun vísitölu neysluverðs mældist 0,27% í janúar og mælist ársverðbólgan áfram 4,2%. Greiningardeild hafði gert ráð fyrir að verðlag myndi lækka um 0,1% í janúar og lágu spár greiningaraðila á bilinu -0,1% til +0,1%. Frávik frá okkar spá má rekja til þess að í núverandi verðmælingum má sjá gengisáhrif smitast út í verðlagið (en við gerðum ráð fyrir því að slík áhrif myndu koma fram á næstu mánuðum). Jafnframt eru gjaldskrárhækkanir meiri en við höfðum gert ráð fyrir.

Engin áhrif á næstu vaxtákvörðun

Þrátt fyrir að verðbólgutölur dagsins séu í hærri kantinum þá teljum við ekki að þær breyti miklu um vaxtaákvörðun peningastefnunar í næstu viku. Eins og sést á meðfylgjandi mynd er útlit fyrir að aðhald peningastefnunnar muni aukast á næstu mánuðum samhliða því sem ársverðbólgan gengur niður. Líklega mun peningastefnunefnd setta sig við að aðhaldist aukist a.m.k. í bili í gegnum verðbólguna einkum þar sem vísbendingar eru þess efnis að það sé að fjara undan efnahagsbatanum.

Aðhald peningastefnunnar
- (%) virkir stýrivextir mínus ársverðbólga




Heimild: Seðlabankinn og útreikningar greiningardeildar

Frekari gengisáhrifa að vænta

Við teljum að frekari gengisáhrifa sé að vænta á komandi mánuðum. Almennt er talið að gengislekinn

sé um 0,33-0,4%. Miðað við okkar mat út frá núverandi verðmælingu Hagstofunnar þá eru gengisáhrifin nú um 0,40% sem þýðir um 1-1,5% áhrif eiga eftir að koma fram á næstu mánuðinn. Athugið þó að gengisáhrifin skila sér mishratt út í verðlagið og því gætu liðið nokkrir mánuðir áður en öll áhrifin koma fram. Hins vegar koma sterkustu áhrifin fram á fyrstu mánuðum eftir veikingu.




Heimild: Seðlabankinn

Helstu atriði í janúarmælingunni:

Gjaldskrárhækkunir. Gjaldskrárhækkunir voru meiri en við gerðum ráð fyrir. Opinber þjónusta hækkaði um 0,20% , þar af rafmagn, hiti og annað vegna húsnæðis um 0,16%. og tóbaksverð um 0,12% vegna hækkunar opinberra gjalda. Aðrar almennar gjaldskrárhækkunir voru um 0,10%. *Heildaráhrif: +0,55%.*

Skatta- og gjaldskrárhækkunir
- áhrif á VNV í janúar á hverju ári



Gengisáhrif. Krónan hefur veikst nánast samfleytt frá því í haust og áhrifa vegna þessa hefur gætt í verðmælingum Hagstofunnar. Óvenju jákvæð verðmæling í desember þar sem engin greinileg gengisáhrif komu fram gaf tilefni til að ætla að ekki væri að vænta frekari gengisáhrifa í janúar en við gerðum þó ráð fyrir að sú veiking sem átti sér stað í desember- og janúarmánuði myndi skila sér á endanum út í verðlagið þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir eins miklum áhrifum strax nú í janúar. Bifreiðar og matvörur hækkuðu í verði sem rekja má til þeirra veikingar sem verið hefur á krónunni á síðustu vikum og mánuðum. *Heildaráhrif samkvæmt okkar mati: +0,40*

Flugfargjöld hækka. Flugfarseðlar hækkuðu í verði í janúar og gengur því sú lækkun sem átti sér stað í desember til baka og vel það. *Heildaráhrif: +0,12%.*

Sterk útsöluáhrif. Á móti öllum þeim hækkunum sem áttu sér stað í síðustu verðmælingu þá virðist vera sem útsöluáhrifin hafi verið nokkuð sterk. Verð á fatnaði og skóm lækkaði um 0,77% og húsgögn og húsbúnaður um 0,13%. Þessi lækkunaráhrif ganga hins vegar til baka á næstu mánuðum. *Heildaráhrif: -0,90%.*

Húsnæðisliður lækkar. Reiknuð húsaleiga lækkaði í janúar en greidd húsaleiga hækkaði hins vegar á móti. Þrátt fyrir lækkun húsnæðisliðarins í janúar, sem helgast einkum af lækkunum úti á landi, þá teljum við að hóflegar hækkanir séu framundan, sem helgast helst af áframhaldandi hækkunum á höfuðborgarsvæðinu. *Heildaráhrif: -0,07%.*


Bráðabirgðaspá fyrir næstu mánuði.

Við teljum að mánaðartaktur verðbólgunnar verði hár á næstu mánuðum. Hækkunin helgast einkum af áhrifum útsöluloka auk þess sem frekari gengisáhrifa er að vænta á komandi árum. Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir verður ársverðbólgan í kringum 3,7% í apríl nk.

Bráðabirgðaspá miðað við óbreytt eldsneytisverð, óbreytt gengi krónunnar og 0,05% hækkun húsnæðisliðar.

- **febrúar +0,7%.** Útsölur ganga til baka og frekari gengisáhrif.
- **mars +1,2%.** Útsölur ganga að öllu leyti til baka. Frekari gengisáhrif.
- **Apríl +0,6%.** Árstíðabundnar hækkanir og gengisáhrif.

Breyting á vísitölu neysluverðs



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerna sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is